

VEIDIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

**Rannsóknir á seiðastofnum
Húseyjarkvíslar árið 2004**

Eik Elfarsdóttir
og Bjarni Jónsson

Skagafirði, 2004

VMST-N/0407

Inngangur og aðferðir

Seiðastofnar Húseyjarkvíslar voru rannsakaðir með rafveiðum 30. ágúst 2004. Markmið rannsóknarinnar var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika, útbreiðslu, afkomu og vöxt seiða í ánni. Sambærilegar rannsóknir hafa farið fram í Húseyjarkvísl á hverju hausti í allmörg ár. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand fiskistofna Húseyjarkvíslar.

Veitt var á fjórum hefðbundnum rafveiðistöðvum í ánni og var stærð rafveiðistaða á bilinu 99 – 392 m². Einnig var veitt við fjóra grjóttgarða en þar voru veiðisvæðin 6 – 35 m² að stærð. Minni veiðisvæðin voru þar sem aðstæður í ánni leyfðu ekki að stærra svæði væri veitt. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á stöðum sem einkennandi eru fyrir einstaka árkafla.

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverri stöð þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta aðeins seiðavísitölu en ekki heildarfjölda seiða: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis } m^2) * 100m^2$ (tölur 1-3).

Meðallengd og þyngd laxa- og urriðaseiða var reiknuð fyrir hvern árgang á hverri stöð (tölur 4-5 og 7-8). Reiknaður var út ástandsstuðull allra árganga laxa- og urriðaseiða á hverri stöð (tölur 6 og 9) en stuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxa- og urriðaseiða á hverri stöð út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum athugunarstað og þéttleika sama árgangs á sömu stöð: $\text{lífþyngd á } 100m^2 = \text{meðalþyngd (gr)} * \text{þéttleiki á } 100m^2$ (tölur 10 og 11). Lífþyngd laxa-, bleikju- og urriðaseiða var reiknuð fyrir hvern árgang í ánni í heild og gögn tekin saman fyrir stöðvar 1-4, árin 2001-2004 (tölur 12-14).

Heildarþéttleiki allra árganga laxa-, bleikju og urriðaseiða í Húseyjarkvísl var reiknaður árin 2001-2004. Reiknaður var annars vegar heildarþéttleiki á hefðbundnu rafveiðistöðunum (töflur 15-17 og 21-23) og hinsvegar heildarþéttleiki í grjótgörðunum (töflur 18-20 og 24-26). Tvær mismunandi aðferðir voru notaðar við útreikningana. Aðferð A: allar stöðvar vega jafnt, þar er þéttleiki seiða reiknaður á hverri stöð fyrir sig og meðaltal tekið af þéttleika stöðvanna (töflur 15-20). Aðferð B: þéttleiki seiða er reiknaður fyrir ána í heild ($=\text{(heildarfjöldi seiða í ánni/heildarflatarmál veiðisvæðis m}^2\text{)}*100\text{m}^2$) (töflur 21-26).

Einnig voru tekin saman gögn um meðallengd, meðalþyngd og meðalástandsstuðla allra árganga laxa- og urriðaseiða í ánni í heild árin 2001-2004 (töflur 27-32).

Veiðin 2004

Sumarið 2004 veiddust 162 laxar í Húseyjarkvísl (tafla 33) en aðeins hafa tvisvar sinnum veiðst fleiri laxar í ánni frá árinu 1974 og var það árin 1978 og 1992 (Guðni Guðbergsson VMST-R/0411). Flestir voru laxarnir smálaxar, höfðu verið 1 ár í sjó, en einnig veiddust a.m.k. 39 stórlaxar (tafla 35). Laxarnir voru á bilinu 1,5 til 7,5 kg að þyngd en flestir voru þó 2 - 3,5 kg (myndir 5 og 6). Veiðin dreifðist nokkuð um tímabilið frá seinni hluta júní fram í septemberbyrjun og veiddust 2 til 23 laxar í hverri viku (mynd 7).

Bleikjuveiði hefur verið með minnsta móti síðustu ár og 2004 veiddust aðeins 12 bleikjur í Húseyjarkvísl (tafla 33, myndir 5 og 7). Urriðaveiðin var hinsvegar í meðallagi og veiddust 427 urriðar í ánni í heild (tafla 33). Urriðarnir voru flestir um 0,5-2,0 kg en þeir stærstu náðu þó 7,5 kg (mynd 5). Að meðaltali veiddust um 17 urriðar í viku frá 29. apríl til 15. október en eitthvað veiddist í hverri viku (mynd 7).

Niðurstöður rafveiða

Efsti rafveiðistaðurinn í Húseyjarkvísl var að venju rétt neðan við Reykjafoss (staður 1, mynd 1). Þar veiddist mikið af eins árs laxaseiðum en einnig voru þar vorgömum og tveggja ára seiði (tafla 1, mynd 2a). Í rafveiðunum 2003 fundust að auki fjögurra ára seiði en þéttleiki seiða 2004 var samt nokkuð meiri en 2003 (tafla 1 og Bjarni Jónsson

og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0312). Auk laxaseiðanna veiddust vorgömul urriðaseiði (tafla 3, mynd 4a).

Aðeins veiddust tveir árgangar laxaseiða á rafveiðistaðnum ofan Saurbæjarbrúar í rafveiðunum 2004 (staður 2, mynd 1). Þéttleiki vorgömlu seiðanna var nokkur en lítið fannst af eins árs seiðum (tafla 1, mynd 2a). Hins vegar veiddist töluvert af vorgömlum urriðaseiðum auk eins árs urriðaseiða (tafla 3, mynd 4a).

Á rafveiðistað 3, sem er við Laugarhyl (mynd 1), veiddust eins árs laxaseiði í miklum þéttleika, töluvert var af vorgömlum seiðum og einnig nokkuð af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Sumarið 2003 veiddust þarna fjórir árgangar laxaseiða, töluvert af eins- og tveggja ára seiðum en minna af vorgömlum og þriggja ára (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0312). Í rafveiðunum 2004 veiddist einnig mjög mikið af vorgömlum urriðaseiðum á þessari stöð ásamt eins og tveggja ára seiðum (tafla 3, mynd 4a).

Veitt hefur verið neðan við Glaumbæ (staður 4, mynd 1) nokkur síðustu ár þrátt fyrir að þar hafi verið illveiðanlegt vegna aurburðar úr Héraðsvötnum. Í rafveiðum 2001 og 2002 veiddust þar aðeins hornsíli, 2003 veiddist að auki eitt tveggja ára urriðaseiði en sumarið 2004 veiddust þar auk hornsíla eitt vorgamalt bleikjuseiði og tvö eins árs urriðaseiði (töflur 2 og 3, myndir 3 og 4a).

Veitt var við einn grjótgarð ofan Saurbæjarbrúar og reyndist þéttleiki bæði laxa- og urriðaseiða þar vera mjög mikill (töflur 1 og 3). Þrír árgangar laxaseiða veiddust, vorgömul til tveggja ára, og var langmest af vorgömlu seiðunum en minnst af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2b). Urriðaseiðin sem veiddust voru líka vorgömul, eins- og tveggja ára og var þéttleiki vorgömlu og eins árs seiðanna mikill en mun minna fannst af tveggja ára seiðum (tafla 3, mynd 4b).

Í efri grjótgarðinum sem veitt var í neðan Saurbæjarbrúar fannst töluvert af eins- og tveggja ára laxaseiðum (tafla 1, mynd 4b). Þrír árgangar urriðaseiða veiddust við þennan grjótgarð, vorgömul til tveggja ára, langmest var af eins árs seiðunum en minnst af tveggja ára seiðum (tafla 3, mynd 4b).

Aðeins veiddust eins árs laxaseiði við neðri grjótgarðinn sem veitt var á neðan Saurbæjarbrúar og var þéttleikinn ekki mikill (tafla 1, mynd 2b). Hinsvegar var töluvert af urriðaseiðum þar, mest af eins árs seiðum, töluvert af vorgömlum en minnst af tveggja ára seiðum (tafla 3, mynd 4b).

Einnig var veitt við leyfar grjótgarðs við Laugarhyl en þar fundust aðeins urriðaseiði. Þéttleiki þeirra var nokkuð mikill eins og í hinum grjótgördunum en þau seiði sem veiddust voru af þremur árgöngum, vorgömul til tveggja ára, mest fannst af eins árs seiðum (tafla 3, mynd 4b).

Frá árinu 2001 hafa seiði sem veiðast í rafveiðum verið vigtuð auk þess að vera lengdarmæld, þetta gefur kost á að reikna svokallaðan ástandsstuðul og lífþyngd seiða. Einnig hafa verið tekin saman gögn um meðallengd, meðalþyngd og þéttleika seiðanna þessi ár. Með því að bera slíka útreikninga saman milli ára er hægt að fylgjast betur með því sem í ánni gerist.

Lengd og þyngd seiða virðist vera nokkuð svipuð milli stöðva í ánni en veiði af hverjum árgangi er þó oftast það lítil að ekki er unnt að vera með mikinn samanburð milli stöðva. Ef gögn síðustu fjögurra ára eru hinsvegar borin saman sést að meðallengd og þyngd vorgamalla laxaseiða er mjög svipuð 2004 og árin þar á undan en eldri seiði eru nokkuð stærri en áður (töflur 18 og 19). Holdafar seiðanna er nokkuð gott (tafla 6), ástandsstuðlar í langflestum tilfellum yfir 1 sem er viðmiðunargildi fyrir ástand laxaseiða. Ástandsstuðlar seiðanna eru örlítið lægri 2004 en árin á undan en aðeins er um eðlilegar sveiflur að ræða (tafla 20). Ástand urriðaseiðanna virðist líka vera gott (töflur 9 og 23) en ástandsstuðlar þeirra eru almennt nokkuð hærri en stuðlar fyrir laxaseiði.

Vísitala lífþyngdar er mælikvarði á heildarmagn seiða á viðkomandi árkafla. Þyngd seiða á 100 fermetra botnflatar er reiknuð á hverri stöð. Eftir því sem seiðin eru eldri og stærri vega þau meira í heildarútreikningum á lífþyngd. Lífþyngd vorgamalla laxaseiða var mest á stað 3 ef aðeins er miðað við hefðbundna rafveiðistaði, þar var einnig mest lífþyngd eins árs og tveggja ára seiða (tafla 10). Lífþyngd urriða var einnig mest á stöð 3 en þar var mjög mikill þéttleiki vorgamalla seiða (töflur 11 og 3). Lífþyngd laxaseiða við grjótgarðana var mest fyrir ofan Saurbæjarbrú og í efri garðinum neðan brúarinnar (tafla 10). Lífþyngd urriðaseiðanna var hinsvegar mest í

neðri grjótgarði neðan Saurbæjarbrúar og við Laugarhyl en á báðum stöðum var nokkuð mikið um tveggja ára seiði sem vega mikið í slíkum útreikningum vegna stærðar sinnar (tafla 11). Í samantektartöflum um lífþyngd og þéttleika áranna 2001-2004 eru aðeins notuð gögn frá hinum hefðbundnu rafveiðistöðum en ekki grjótgördunum. Ef lítið er á samantektartöflur um lífþyngd laxaseiða (tafla 12) sést að lífþyngd á stöðvum 1-4 var mjög svipuð árin 2001, 2003 og 2004. Árið 2004 eru það þó aðallega eins árs seiði sem halda uppi lífþyngdinni en fyrri árin voru það eldri seiði sem jafnframt vega meira. Heildarþéttleiki laxaseiða er því nokkuð meiri 2004 en árin þar á undan (tafla 15). Lífþyngd og þéttleiki urriðaseiða hefur einnig aukist nokkuð síðustu tvö ár, mikið hefur fundist af vorgömlum seiðum í ánni (töflur 14 og 17).

Umræður

Gott árferði síðustu sumra hefur orðið til þess að laxaseiði í Húseyjarkvísl hafa vaxið mun betur en árin á undan og því getað gengið fyrr til sjávar en ella. Engin þriggja ára seiði fundust í rafveiðunum 2004 en þau seiði voru mjög stór 2003 sem tveggja ára seiði og hafa gengið út vorið 2004 ásamt fjögurra ára seiðunum sem eftir voru í ánni. Vegna þessa hefur ganga laxaseiða úr Húseyjarkvísl vorið 2004 verið nokkuð betri en búist hafði verið við. Þau seiði sem veiddust í ánni 2004 reyndust einnig vera stór miðað við aldur og því má reikna með að flest þriggja ára seiði gangi til sjávar vorið 2005. Sá árgangur var ekki mjög stór, sem tveggja ára seiði, á hinum hefðbundnu veiðistöðum 2004 en nokkuð var þó af þeim á grjótgördunum. Gangan 2005 verður líklega nokkru minni en 2004 en þó í góðu meðallagi. Talsvert mun ganga út af seiðum sem hafa nýtt sér grjótgarðana til uppeldis.

Mjög mikið fannst af eins árs laxaseiðum í ánni sumarið 2004 og þónokkuð af vorgömlum seiðum. Vorgömlu seiðin gætu þó átt eftir að koma betur fram sumarið 2005 sem eins árs seiði því það tekur seiðin alltaf nokkurn tíma að dreifa sér um árnar. Seiðin sem voru vorgömul og eins árs 2004 eru úr hrygningu haustanna 2002 og 2003, en það voru fyrstu árin sem veitt var eftir nýju veiðifyrirkomulagi í Húseyjarkvísl. Þegar eingöngu er veitt á flugu má reikna með að veiðiálag minnki auk þess sem stórum hluta laxa var sleppt aftur í ána og því meira eftir af laxi til hrygningar. Hrygning 2002 og 2003 hefur tekist vel og nýtt veiðifyrirkomulag

hjálpað þar til. Einnig hefur lax skilað sér vel til baka úr sjó síðustu tvö ár því þrátt fyrir minna veiðiálag hefur veiðst vel í Húseyjarkvísl og sjaldan eins vel og sumarið 2004 þegar 162 laxar veiddust. Eitthvað af laxi veiðist aftur eftir að honum er slegpt en veiðitölur ættu þó að vera lægri en með gamla veiðifyrirkomulaginu vegna fluguveiðinnar og nýrra reglna.

Enn er töluvert streymi aurblandaðs vatns úr Héraðsvötnum í Húseyjarkvísl á Glaumbæjareyrum sem gerir ána þar nær óveiðanlega fyrir stangveiði og einnig illveiðanlega við rafveiði. Þrátt fyrir þetta veiddust þar bæði urriða- og bleikjuseiði auk hornsíla í rafveiðunum 2004 sem sýnir að á þeim kafla er nokkuð af seiðum til staðar. Það er ljóst að ef tekst að minnka aurburð í Húseyjarkvísl mun það skipta miklu máli fyrir veiðimöguleika í ánni og þar með tekjur. Auk þess myndu uppeldisskilyrði fyrir seiði batna.

Þéttleiki urriðaseiða hefur verið mjög mikill í Húseyjarkvísl á síðustu árum. Þegar lægð varð í laxastofnum kvíslarinnar náðu urriðaseiðin sér nokkuð vel á strik og virðast ekkert vera á undanhaldi þrátt fyrir að laxaseiðum sé aftur að fjölga. Urriðaseiðin nýta vel þá grjótgarða sem eftir eru í ánni en eru þó einnig nokkuð dreifð um alla á. Með auknum þéttleika bæði laxa- og urriðaseiða fara grjótgarðarnir að nýtast aftur betur sem búsvæði en margir þeirra eru farnir að þarfnast töluverðs viðhalds og nýtast því ekki sem skyldi.

Ástand laxastofna Húseyjarkvíslar er á heildina litið gott og meira er af vorgömlum og eins árs seiðum en sést hefur í töluverðan tíma. Seiðin sem eru í ánni eru stór miðað við aldur og ná því gönguþroska fyrr en ella. Eftir því sem seiði fara yngri til sjávar eykst burðargeta árinna til seiðauppeldis. Einnig er mikill fjöldi urriðaseiða í ánni sem vonandi á eftir að skila sér í aukinni urriðaveiði næstu ár. Æskilegt er að ráðast sem fyrst í lagfæringar á grjótgördum til að bregðast við auknum fjölda seiða í ánni. Útlit er fyrir litlu lakari göngu laxaseiða úr Húseyjarkvísl vorið 2005 en varð vorin 2003 og 2004. Sterkir árgangar yngri seiða gefa einnig góða von um framhaldið, ekki síst fyrir fjölda sjógönguseiða sumarið 2006 sem þá skila sér í veiði árin 2007 og 2008.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2004.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	345	1,45	11,88	1,16	
Staður 2	392	1,79	0,26		
Staður 3	120	5,00	20,83	3,33	
Fyrir neðan Glaumbæ	99				
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	35	71,43	42,86	14,29	
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	20		30,00	20,00	
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	9		11,11		
Grjótg. við Laugarhyl	6				

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2004.

Staður nr.	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	345				
Staður 2	392				
Staður 3	120				
Fyrir neðan Glaumbæ	99	1,01			
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	35				
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	20				
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	9				
Grjótg. við Laugarhyl	6				

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2004.

Staður nr.	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	345	2,61			
Staður 2	392	12,24	0,26		
Staður 3	120	66,67	5,83	0,83	
Fyrir neðan Glaumbæ	99		2,02		
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	35	131,43	80,00	5,71	
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	20	70,00	165,00	5,00	
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	9	111,11	188,89	44,44	
Grjótg. við Laugarhyl	6	50,00	133,33	33,33	

Tafla 4: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2004.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	4,66	0,57	5	8,35	0,70	41	12,08	1,24	4			
Staður 2	4,54	0,77	7	8,50		1						
Staður 3	4,74	0,19	5	8,39	0,98	26	10,18	0,24	4			
Fyrir neðan Glaumbæ												
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	4,44	0,43	25	8,19	0,73	15	11,12	1,03	5			
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú				8,47	0,38	6	11,48	1,54	4			
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú				9,10		1						
Grjótgarður við Laugarhyl												
Samtals	4,52	0,49	42	8,35	0,77	90	11,21	1,22	17			

Tafla 5: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2004.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,26	0,53	5	6,16	1,41	41	19,68	7,58	4			
Staður 2	1,01	0,43	7	6,90		1						
Staður 3	1,06	0,27	5	6,60	2,14	26	11,35	2,11	4			
Fyrir neðan Glaumbæ												
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	0,89	0,30	25	5,87	1,52	15	15,52	5,00	5			
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú				6,60	1,08	6	16,90	6,48	4			
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú				7,40		1						
Grjótgarður við Laugarhyl												
Samtals	0,97	0,36	42	6,29	1,64	90	15,84	5,90	17			

Tafla 6: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2004 eftir aldri seiðanna og rafveiðisíðdum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,20	0,24	5	1,04	0,07	41	1,07	0,11	4			
Staður 2	1,04	0,18	7	1,12		1						
Staður 3	0,98	0,16	5	1,07	0,09	26	1,07	0,13	4			
Fyrir neðan Glaumbæ												
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	0,99	0,22	25	1,04	0,05	15	1,09	0,09	5			
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú				1,08	0,07	6	1,08	0,04	4			
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú				0,98		1						
Grjótgardur við Laugarhyl												
Samtals	1,02	0,22	42	1,05	0,07	90	1,08	0,09	17			

Tafla 7: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2004.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	4,90	0,23	9						
Staður 2	5,23	0,34	48	9,00		1			
Staður 3	5,36	0,56	80	6,81	0,37	7	9,80		1
Fyrir neðan Glaumbæ				6,20	0,42	2			
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	4,97	0,45	46	5,89	0,19	28	10,10	0,57	2
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	5,07	0,27	14	6,09	0,39	33	12,00		1
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	5,31	0,27	10	6,25	0,40	17	11,20	1,19	4
Grjótgarður við Laugarhyl	4,87	0,61	3	5,94	0,35	8	11,90	0,28	2
Samtals	5,19	0,48	210	6,13	0,50	96	11,06	1,08	10

Tafla 8: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2004.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,36	0,35	9						
Staður 2	1,54	0,37	48	7,50		1			
Staður 3	1,80	0,64	80	3,67	0,52	7	8,50		1
Fyrir neðan Glaumbæ				2,70		2			
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	1,33	0,41	46	2,23	0,30	28	11,10		2
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	1,51	0,29	14	2,65	0,52	33	20,50		1
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	1,75	0,35	10	2,85	0,75	17	16,10	5,49	4
Grjótgarður við Laugarhyl	1,23	0,55	3	2,36	0,47	8	19,85		2
Samtals	1,59	0,53	210	2,66	0,80	96	15,53	5,36	10

Tafla 9: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2004 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,14	0,19	9						
Staður 2	1,06	0,11	48	1,03		1			
Staður 3	1,13	0,15	80	1,16	0,08	7	0,90		1
Fyrir neðan Glaumbæ				1,11		2			
Grijótg. f.o. Saurbæjarbrú	1,06	0,20	46	1,09	0,11	28	1,07		2
Efri grijótg. f.n. Saurbæjarbrú	1,14	0,10	14	1,16	0,11	33	1,19		1
Neðri grijótg. f.n. Saurbæjarbrú	1,16	0,19	10	1,14	0,10	17	1,11	0,04	4
Grijótgardur við Laugarhyl	1,02	0,11	3	1,12	0,07	8	1,17		2
Samtals	1,10	0,16	210	1,13	0,11	96	1,10	0,09	10

Tafla 10: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2004. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1	1,8	73,2	22,8			97,9
Staður 2	1,8	1,8				3,6
Staður 3	5,3	137,4	37,8			180,6
Fyrir neðan Glaumbæ						0,0
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	63,4	251,7	221,7			536,9
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú		198,0	338,0			536,0
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú		82,2				82,2
Grjótgarður við Laugarhyl						0,0

Tafla 11: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2004. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1	3,5					3,5
Staður 2	18,8	1,9				20,7
Staður 3	120,0	21,4	7,1			148,5
Fyrir neðan Glaumbæ		5,5				5,5
Grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	175,4	178,3	63,4			417,1
Efri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	105,5	436,5	102,5			644,5
Neðri grjótg. f.n. Saurbæjarbrú	194,4	538,9	715,6			1448,9
Grjótgarður við Laugarhyl	61,7	315,0	661,7			1038,3

004.

Tafla 12: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2004 á stöðvum 1-4.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001	6,6	15,5	21,8	23,0		67,0
2002		0,4	2,0	1,3	0,5	4,3
2003	2,2	20,7	38,9	11,7		73,5
2004	2,2	53,1	15,2			70,5

Tafla 13: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2004 á stöðvum 1-4.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001*						0,0
2002	0,2					0,2
2003						0,0
2004	0,4					0,4

* eina bleikjan sem veiddist var ekki vigtuð

2004.

Tafla 14: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2004 á stöðvum 1-4.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001	5,9	8,1				13,9
2002	2,6					2,6
2003	35,0	26,5	1,1			62,6
2004	35,6	7,2	1,8			44,6

Tafla 15: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2004 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	3,17	5,72	2,67	1,83	
2002	4	1395		0,11	0,43	0,10	0,05
2003	4	1645	1,43	3,48	2,44	0,52	
2004	4	956	2,06	8,24	1,12		

Tafla 16: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2004 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	4	1725				
2002	4	1395	0,15			
2003	4	1645				
2004	4	956	0,25			

Tafla 17: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2004 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	4	1725	7,28	1,67		
2002	4	1395	2,74			
2003	4	1645	17,83	3,64	0,08	
2004	4	956	20,38	2,03	0,21	

Tafla 18: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2004 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	2	33	16,07	32,74	2,38	16,67	
2002	4	67	9,05	6,93	2,47	16,99	
2003	3	80	9,75	14,06	2,72	1,59	
2004	4	70	17,86	20,99	8,57		

Tafla 19: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2004 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	2,38			
2002	4	67				
2003	3	80				
2004	4	70				

Tafla 20: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2004 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	21,43		8,33	
2002	4	67	100,63	8,57	11,79	
2003	3	80	220,14	22,47	12,27	
2004	4	70	90,63	141,81	22,12	

Tafla 21: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2004 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	1,22	2,61	1,04	0,87	
2002	4	1395		0,14	0,65	0,14	0,07
2003	4	1645	1,52	2,67	1,22	0,36	
2004	4	956	1,88	7,01	0,84		

Tafla 22: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2004 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	4	1725				
2002	4	1395	0,14			
2003	4	1645				
2004	4	956	0,10			

Tafla 23: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2004 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	4	1725	2,72	0,58		
2002	4	1395	2,51			
2003	4	1645	11,49	1,64	0,06	
2004	4	956	14,33	1,05	0,10	

Tafla 24: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2004 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	2	33	18,18	30,30	3,03	12,12	
2002	4	67	8,96	7,46	2,99	19,40	
2003	3	80	16,25	22,50	5,00	1,25	
2004	4	70	35,71	31,43	12,86		

Tafla 25: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2004 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	3,03			
2002	4	67				
2003	3	80				
2004	4	70				

Tafla 26: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2004 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	18,18		6,06	
2002	4	67	110,45	5,97	11,94	
2003	3	80	197,50	20,00	6,25	
2004	4	70	104,29	122,86	12,86	

Tafla 27: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2004.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	3,67	0,67	27	6,39	0,51	55	8,65	0,43	19	10,38	0,61	19			
2002	4,32	0,83	6	7,17	0,56	7	8,65	0,57	11	11,52	0,62	15	13,5		1
2003	4,90	0,60	38	7,77	0,77	62	10,81	0,77	24	12,73	0,47	7			
2004	4,52	0,49	42	8,35	0,77	90	11,21	1,22	17						

Tafla 28: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2004.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,52	0,75	6	2,91	0,50	48	7,68	1,83	18	12,39	2,15	19			
2002	0,67	0,22	6	3,93	0,80	7	5,26	1,62	11	16,81	4,01	15	21,30		1
2003	1,33	0,63	38	5,64	1,79	62	15,80	3,25	24	23,27	2,30	7			
2004	0,97	0,36	42	6,29	1,64	90	15,84	5,90	17						

Tafla 29: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Húseyjarkvísl 2001-2004 eftir aldri seiðanna.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,39	0,51	6	1,12	0,15	48	1,17	0,18	18	1,10	0,12	19			
2002	0,93	0,46	6	1,05	0,04	7	0,80	0,13	11	1,09	0,15	15	0,87		1
2003	1,08	0,16	38	1,17	0,14	62	1,24	0,11	24	1,13	0,07	7			
2004	1,02	0,22	42	1,05	0,07	90	1,08	0,09	17						

Tafla 30: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2004.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	3,68	0,46	53	7,08	0,42	10	9,50		2						
2002	5,16	0,54	109	7,65	0,54	4	9,33	0,71	8						
2003	5,42	0,73	347	8,53	0,80	43	11,27	0,72	6						
2004	5,19	0,48	210	6,13	0,50	96	11,06	1,08	10						

Tafla 31: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2004.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	0,93	0,12	6	4,83	1,00	10	9,00		2						
2002	1,30	0,52	109	5,15	1,24	4	9,08	2,10	8						
2003	2,00	0,89	303	7,74	1,85	43	16,25	3,12	6						
2004	1,59	0,53	210	2,66	0,80	96	15,53	5,36	10						

Tafla 32: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í Húseyjarkvísl 2001-2004 eftir aldri seiðanna.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,15	0,18	6	1,35	0,06	10	1,04		2						
2002	0,93	0,24	109	1,13	0,05	4	1,10	0,06	8						
2003	1,14	0,16	303	1,24	0,14	43	1,13	0,08	6						
2004	1,10	0,16	210	1,13	0,11	96	1,10	0,09	10						

Tafla 33: Fjöldi veiddra og slepptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla í Húseyjarkvísl árið 2004.

	Lax	Bleikja	Urriði
Veiði	162	12	427
Sleppt	41	8	128
Afli	121	4	299

Tafla 34: Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Húseyjarkvísl 2004.


	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veiði	82	67	13	162
Sleppt	24	8	9	41
Afli	58	59	4	121

Tafla 35: Laxveiðin í Húseyjarkvísl 2004. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalp. = meðalþyngd í kg).




Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngur.			Samtals	
	Fjöldi	Meðalp.	%	Fjöldi	Meðalp.	%	Fjöldi	Meðalp.	%	Fjöldi	Meðalp.
1	66	3,0	58,9	37	2,5	33,0	9	2,6	8,0	112	2,8
2	11	4,5	28,2	25	5,0	64,1	3	4,3	7,7	39	4,8
Óvíst	5		45,5	5		45,5	1		9,1	11	
Alls	82	3,0	50,6	67	3,3	41,4	13	2,8	8,0	162	3,1






orlax
s
eðalþ.
2,8
4,8
3,1




Mynd 1: Rafveiðistaðir í Húseyjarkvísl




Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2004.







Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2004.






Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2004.




Mynd 4a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2004.




Mynd 4b: Lengdar- og aldersdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2004.



Mynd 5: Þyngdardreifing veiddra laxa, bleikju og urriða í Húseyjarkvísl sumarið 2004.



Mynd 6: Þyngdardreifing veiddra laxa í Húseyjarkvísl sumarið 2004 eftir kyni.



Mynd 7: Vikuleg lax,- bleikju- og urriðaveiði í Húseyjarkvísl árið 2004.